



FÉL2A05 Frumkvöðlar og kenningar

Námsáætlun, vorönn 2023

Kennari/kennarar:

Magnús Einarsson

Netfang/netföng:

magnus.einarsson@borgo.is

Lýsing:

Í þessum áfanga er fjallað um helstu frumkvöðla félagsfræðinnar og helstu sjónarhorn og kenningar í félagsfræði. Áhersla er lögð á að kynna frumkvöðlanna Durkheim, Marx, Weber og Mead og hvernig kenningar þeirra og hugtök mynda þau þrjú meginsjónarhorn félagsfræðinnar sem kennd eru við virkni (samstöðusjónarhorn), átök (átakasjónarhorn) og táknbundin samskipti (samskiptasjónarhorn). Fleiri kenningarmiðir félagsfræðinnar koma einnig við sögu með ný hugtök sem byggja á eldri grunni félagsfræðinnar. Viðfangsefnin táknbundin samskipti, sjálfsmynd einstaklinga, félagsleg lagskipting (stéttaskipting og félagsleg mismunun), menntun, fjölmiðlun og heilbrigði (faraldsfræði, veikindi og fötlun) mynda uppistöðu í greiningu áfangans á ýmsum samfélagslegum málefnum og sviðum. Þá er einnig til athugunar á hvern hátt félagsfræðin er vísindagrein og hvernig félagsfræðileg rannsókn og kenningar haldast í hendur.

Þekking, leikni, hæfni: Að nemandinn...

- ná tókum á grunnhugtökum og kenningum félagsfræðinnar.
- tileinki sér hvernig ólík sjónarhorn félagsfræðinnar varpa mismunandi ljósi á félagsleg fyrirbæri, s.s. mannréttindi, menntun, fjölmiðlun, félagslega lagskiptingu og heilbrigði og veikindi.
- átti sig á hvaða þýðingu félagsfræðilegu sjónarhornin hafa fyrir samfélagslega umræðu og gagnrýna hugsun
- geti tekið þátt í málefnalegum umræðum og leggja rökstutt mat á upplýsingar um samfélagstengd málefni líðandi stundar.
- efli með sér almenn jafnræðis- og mannréttindasjónarmið.
- geti metið hvort tiltekin félagsfræðileg rannsókn byggir á traustum stöðum.
- sé fær um að takast á við frekara nám í félagsfræði.

Námsmat:

Hlutapróf	48%	Öll prófin gilda (4x12%)
Verkefnahefti	24%	Félagsfræðiveislan, verkefnahefti (4x6%)
Þemaverkefni	20%	Verkefni (2x10%)
Kennaramat	8%	Athygli, ástundun, frumkvæði

Námsgögn:

Félagsfræðiveislan. Magnús Einarsson. IDNÚ 2011.

Félagsfræðiveislan. Verkefnahefti. Háskólaprent.

Nemendur kaupa verkefnaheftið í gegnum vefverslun Háskólaprents.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Áfanginn er fimm feiningar – það felur í sér að nemandi getur áætlað að heimanám verði að meðaltali um tvær klukkustundir á viku. Undir heimanám fellur að lesa reglulega í kennslubókinni fyrir hverja kennslustund.

Mikil áhersla er á verkefnavinnu í kennslustundum og á þetta við um vinnu í verkefnaheftinu.

Mikilvægt er að mæta bæði með kennslubók og verkefnaheftið í kennslustundir.

Símanotkun í kennslustundum er almennt ekki leyfileg nema kennari gefi sérstakt leyfi til þess.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	5.-6. janúar	Kynning á áfanga.	
2	9.-13. janúar	Kafli 1 – Félagsfræðileg hugtök.	
3	16.-20. janúar	Kaflar 4 og 4.3 – Samstöðusjónarhorn; virkni, Durkheim	
4	23.-27. janúar	Kaflar 4.4 og 4.5 – Samstöðusjónarhorn; Parsons og Merton	Hlutapróf 1 Skil 1
5	30. jan- 3. febrúar	Kaflar 5 og 5.1 – Átakasjónarhorn; Marx	
6	6.-10. febrúar	Kaflar 5.1 og 5.2 – Átakasjónarhorn; lagskipting	Skóhlífadagar
7	13.-17. febrúar	Kaflar 5.2 og 5.3 – Átakasjónarhorn; lagskipting og femínismi	Vörðuvika I Hlutapróf 2 Skil 2
8	20.-23. febrúar	Kafli 2 Félagsfræði og vísindi; ný vísindi og vísindaleg aðferð	Vorannahlé
9	28. febrúar- 3. mars	Þemaverkefni – Verkefnavinna	
10	6.-10. mars	Kaflar 6, 6.1 og 6.2 – Samskiptasjónarhorn; Weber og Mead	
11	13.-17. mars	Kaflar 6.3 og 6.4 – Samskiptasjónarhorn; Goffman, Garfinkel	Hlutapróf 3 Skil 3
12	20.-24. mars	Kafli 11 – Félagsfræði heilsu og veikinda	Vörðuvika II
13	27.-31. mars	Kafli 11 – Félagsfræði heilsu og veikinda	Valdagur
14	3.-11. apríl	PÁSKALEYFI	
15	12.-14. apríl	Kaflar 10 – Félagsfræði og fjölmiðlar	
16	17.-21. apríl	Kaflar 9 – Félagsfræði og menntun	Sumardagurinn fyrsti Hlutapróf 4 Skil 4
17	24.-28. apríl	Þemaverkefni - Verkefnavinna	
18	1.-5. maí	Þemaverkefni – Kynning á verkefni	Dagur verkalýðsins
19	8.-12. maí	Þemaverkefni – Kynning á verkefni	
20	15.-16. maí	Samantekt og einkunnaskil	Síðasti kennsludagur/ Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.

Með von um farsæla önn.



Borgarholtsskóli